

Hr. Forsætisráðherra,
Davið Oddson.

Alþingi

AFRIT

Erindi nr. 5 117 / 421

komudagur 15 / 12 1993

Stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða vill hér með vekja athygli á og mótmæla eftirtöldum álögum sem felast í frumvörpum til laga um breytingar á skattalögum og um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

1. Hækkun tryggingargjalds í 2,85 % af launagreiðslum. Þessi skattheimta kemur mjög illa við íslenskan landbúnað hvort sem hækkun verður tekin beint af launum framleiðenda eða velt út í verðlag, einkum þar sem hækkunin kemur í kjölfar annarra þrenginga sem yður mun fullkunnugt um.

2. 14 % vsk. á innanlandsflug er fyrst og fremst skattur á íbúa utan Reykjavíkur og nágrennis. Enga sérfræðinga þarf til að sjá að svo er og mun þeim augljóst sem leggja frumvarpið fram. Þessi skattur sem fleiri er því til þess fallin að gera skattheimtu á þjóðfélagsþegna enn óréttlátari en hún var fyrir.

3. Með álagningu vsk. á ýmskonar ferðaþjónustu er enn verið að höggva í sama knérunn. Í orði kveðnu hafa yfirvöld viljað auka ferðamannastraum um landið, en ef að frumvarpið verður að lögum er vegið að ferðamannaíðnaði og sá vaxtarbroddur sem orðið hefur á því sviði út um land fær ekki að festa rætur við eðlileg skilyrði. Jafnframt fjölgar þeim óarðbæru fjárfestingum sem flestir héldu nógu margar hjá þessari þjóð.

4. Hörmuð skal öll viðleitni til þess að gera hverskyns skóla í landinu að sérréttindaskólum þeirra sem mikil fjárráð hafa. Almenn menntun er hverri þjóð mikilvæg og þarf að verða eign sem flestra þegna. Þess vegna þurfa menntunarmöguleikar að vera sem mest óháðir veraldlegum eignum þeirra sem skóla vilja sækja eða eignum foreldra.

Búnaðarskólarnir þrír sem og fleiri framhaldskólar veita mjög alhliða fræðslu sem nýst getur öllum þeim sem þá sækja hvert sem æfistarfið verður.

5. Prófunargjald á innfluttar búvélar væri nýr kostnaðarliður á búrekstur. Því er mjög óheppilegt að leggja það á nú við ríkjandi aðstæður. Bent skal á að vegna milliríkjasamninga verður mjög takmarkað hvað þjóðir geta stutt sinn landbúnað, en fjölmargar þjóðir aðrar munu nota hverjar þær smugur sem gefast til þess að styðja við þá atvinnugrein innan sinna landamæra eftir því sem samningar munu leyfa eða taka ekki á.

Prófunarkostnaður innfluttra véla er ekki framleiðslutengdur stuðningur og er vafalítið einn sá stuðningur sem ríkissjóðir fá óáreittastir að veita. Slíkar "smugur" munu samkeppnislönd okkar notfæra sér til viðbótar þeim útflutningsbótum sem þau hafa tryggt rétt sinn til öndvert við það sem orðið er hérlendis fyrir atbeina íslenskra yfirvalda.

TRÉTT

Fram hefur komið hjá yður að íslenskur landbúnaður hefur þegar tekið, og sé að taka á sig, meiri byrðar en flestar eða allar atvinnugreinar og að honum verði ekki íþyngt meira með sanngjörnum hætti.

Því er þess vænst að þér sjáið yður fært með aðstoð meiri hluta stjórnar eða löggjafarvalds að sníða m.k. framanreinda annmarka af framlögðum frumvörpum áður en þau verða að lögum.

Í stjórn Bsb. Vestfjarða:

Valdimar Gíslason, Mýrum Dýrafirði, form.

Guðmundur Steinar Björgmundsson, Kirkjubóli

Valþjófsdal Öndarfirði,

Birkir Friðbertsson, Birkihlíð Súgandafirði.

Reykjavík, 15.12.'93.

Virðingarfyllst,

f/h stjórnar Bsb.Vestfj.

Birkir Friðbertsson

Birkir Friðbertsson

Afrit sent: Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis,
Þingmönnum Vestfjarðakjörd.,
og Stéttarsambandi bænda.